

Borgarráð

***Viðauki við fjárhagsáætlun 2018 vegna innleiðingar á þjónustustefnu***

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu þjónustu og reksturs hækki um 25.000 þkr. vegna innleiðingar á þjónustustefnu Reykjavíkurborgar. Kostnaðaraukinn er fjármagnaður af liðnum ófyrirséð 09502 og færist á kostnaðarstað 01260. Tillagan hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðstreymi A-hluta eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

***Greinargerð:***

Þjónustustefna borgarinnar var samþykkt í lok árs 2016 og skrifstofu þjónustu og reksturs falin ábyrgð á innleiðingu hennar, sjá mál R16100028. Skrifstofan lagði fram aðgerðaráætlun um innleiðingu stefnunnar sem samþykkt var í stjórnkerfis og lýðræðisráði og vísað þaðan til borgarráðs. Borgarráð samþykkti aðgerðaáætlunina á fundi sínum 14. september 2017 og vísaði til gerðar fjárhagsáætlunar, sjá mál R17020227.

Gert er ráð fyrir þremur stöðugildum við innleiðinguna og verður eitt þeirra flutt úr þjónustuveri en ráðið verði í tvö ný stöðugildi og þau fjármögnuð með þessari viðbót. Áætlað 20 mkr. á ári. Að auki er gert ráð fyrir að kaupa þurfi sérfræðiaðstoð í upphafi verkefnisins m.a. til að þjálfa starfsmenn og koma verkefninu af stað. Áætlað 5 mkr. á ári til þriggja ára.

Dagur B. Eggertsson